



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa september 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 13.september

Aukafundur vegna sölu á Eignahaldsfélagi Skeggjastaðahrepps og fasteigna sveitarfélagsins.

Ákvörðun var tekin um að Skeggjastaðahreppur muni leigja Miðvang 1-3 til næstu 10 ára. Skeggjastaðahreppur hefur rétt til framleigu, forgangsleigu og forkaupsrétt.

Áður en skrifað var undir kaupsamning var farið að Hafnargötu 13b og íbúðin skoðuð vegna athugasemda um baðherbergi.

Skrifað var undir afsal vegna hluta í Eignarhaldsfélagi Skeggjastaðahrepps.

Skrifað var undir kaupsamninga íbúða í eigu Skeggjastaðahrepps til Eignahaldsfélags Skeggjastaðahrepps. Íbúðirnar eru Bæjarás 11, Miðvangur 1-3 og Skólagata 4.

Skrifað var undir kaupsamning vegna Bæjaráss 8, kaupandi var Elena Björg Ólafsdóttir.

Fundur 22.september

Aukafundur var haldinn vegna byggðarkvóta og atvinnumála.

Farið var yfir byggðarkvóta Skeggjastaðahrepps, lagðar voru til hliðsjónar skýrslur frá Fiskistofu um ráðstöfun afla á fiskveiðiárinu 2003-2004. Farið verður fram á að Stefán Þórisson frá Nýsi komi á staðinn og aðstoði hreppsnefnd í þessu máli.

Farið var yfir umsókn um nýjan byggðarkvóta Sjávarútvegsráðuneytisins. Farið var yfir drög að umsókn sem Jón Jónsson, frá Lögmannsstofunni Regula, tók saman. Ákveðið var að fela Jóni Jónssyni að klára skýrsluna og leggja fyrir hreppsnefnd.

Rædd voru atvinnumál staðarins, staða og horfur.

Ákveðið var að senda Snerpu ehf. bréf um uppsetningu á háhraðainterneti á Bakkafirði vegna hugsanlegrar aðkomu Skeggjastaðahrepps að málinu.

Ákveðið að senda Atvinnuþróunnarsjóði Austurlands bréf um aðkomu félagsins á atvinnumálum í hreppnum.